Tækniþróunarsjóður

Hlutverk Tækniþróunarsjóðs

Hlutverk Tækniþróunarsjóðs er að styðja við rannsóknir og þróunarstarf sem miða að nýsköpun í íslensku atvinnulífi.

Sjóðurinn er opinn fyrir nýsköpunarverkefnum úr öllum atvinnuvegum.

Árið 2022 – Sjóðurinn hefur um 3.5 milljarða króna til úthlutunar á árinu.

Fjármunir til nýsköpunar



Atvinnuflokkar styrktra verkefna



Tækniþróunarsjóður

Nýsköpunarkeðjan Styrktarflokkar



**Styrkir til hagnýtra rannsóknaverkefna*

FRÆ

SPROTI

VÖXTUR(Sprettur)

MARKAÐUR

FRÆ

Markmið er að styðja við einstaklinga og ung fyrirtæki með verkefni á hugmyndastigi.

Fyrirtæki þurfa að vera yngri en 5 ára við lok umsóknarfrests (með undantekningum þó, sjá reglur sjóðsins).

Stuðningur getur verið allt að 2 m.kr.
Ekki er krafist mótframlags.

Fræ er alltaf opið og tekið fyrir a.m.k. 3-4 sinnum á ári.

SPROTI

Markmið er að styðja við einstaklinga og ung fyrirtæki með verkefni á frumstigi.

Fyrirtæki þurfa að vera yngri en 5 ára við lok umsóknarfrests (með undantekningum þó, sjá reglur sjóðsins).

Stuðningur getur verið allt að 10 m.kr. á ári til allt að tveggja ára.
Ekki er krafist mótframlags.

Leyfilegur kostnaður í markaðsinnviðum má vera allt að 10% af heildarkostnaði verkefnisins eins og hann er skilgreindur í umsókn.

Umsóknarfrestur fyrir Sprota er 15. mars og 15. september.

VÖXTUR

Markmið er að styrkja lítil og meðalstór fyrirtæki með verkefni sem eru komin af frumstigi.

Stuðningur getur verið allt að 25 m.kr. á ári til allt að tveggja ára. Krafist er mótframlags á móti styrknum (breytilegt t.d. eftir stærð fyrirtækis og tegund verkefnis).

Leyfilegur kostnaður í markaðsinnviðum má vera allt að 20% af heildarkostnaði verkefnisins eins og hann er skilgreindur í umsókn.

Umsóknarfrestur fyrir Vöxt er 15. mars og 15. september.

SPRETTUR

Markmið er að styrkja lítil og meðalstór fyrirtæki með framúrskaranleg verkefni sem eru tiltölulega nálægt markaði.

Stuðningur getur verið allt að 35 m.kr. á ári til allt að tveggja ára
Rík krafa er um fjárhagslegt bolmagn til að framkvæma verkefnið.

Leyfilegur kostnaður í markaðsinnviðum má vera allt að 25% af heildarkostnaði verkefnisins eins og hann er skilgreindur í umsókn.

Umsókn um Sprett er gerð í gegnum umsókn um Vöxt.

Umsóknarfrestur fyrir Sprett er 15. mars og 15. september.

MARKAÐUR

Markmið er að styrkja lítil og meðalstór fyrirtæki með að lágmarki 10% í R&Þ af rekstrargjöldum samkvæmt síðasta reikningsári.

Stuðningur getur verið allt að 10 m.kr. til eins árs.
Mótframlagskrafa er 50% af heildarkostnaði við verkefnið.

Leyfilegur kostnaður er tengdur markaðsinnviðum fyrirtæksins. Ekki er leyfilegt að sækja um vegna verkþátta sem tengjast þróun á afurð.

Umsóknarfrestur fyrir Markað er 15. mars og 15. september.

MARKAÐUR

Markaðsþróun er styrkur sem miðar að ***uppbyggingu markaðsinnviða*** fyrirtækisins og lýtur að greiningu markaðar. Takmarkið er að greina markaði, velja þá og skilgreina hvernig staðfærlsa áætlana geti farið fram. ***Afurð þarf ekki að vera kominn á markað en miðað*** er við að líklegt sé að afurðin sé markaðstæk innan næstu þriggja ára.

Markaðssókn gerir ráð fyrir að ***afurð sé tilbúin og innviðir til staðar***.
Markaðssókn er styrkur sem miðar að sókn á skilgreinda markaði. Hér er áhersla á seinni hluta markaðsvinnu þar sem framkvæmd er ráðandi í vel skilgreindri markaðsáætlunum fyrirtækisins.

FRÆ

SPROTI

VÖXTUR(Sprettur)

MARKAÐUR

Einkaleyfisstyrkir.

Markmið er að ýta undir að frumkvöðlar og fyrirtæki verji hugverk sitt. Flokkurinn er opin öllum sem vilja verja hugverk sitt með einkaleyfi.

Styrkur til undirbúnings og innlagnar:

- Forgangsréttarumsóknar – Hámarksstyrkur 300 þ.kr.
- Alþjóðleg umsókn – Hámarksstyrkur 1.200 þ.kr

Sjóðurinn tekur þátt í allt að 50% af kostnaði.
Hægt er að sækja um einkaleyfisstyrki allt árið.

Hagnýt rannsóknaverkefni.

Markmiðið er að afla nýrrar þekkingar og kunnáttu sem nýtist til að þróa nýjar vörur, verkferla eða þjónustu eða til að koma í kring umtalsverðum endurbótum á eldri vörum, verkferlum eða þjónustu. Verkefnið þarf að vera með skýr og raunhæf markmið um hagnýtingu.

Hér er krafa að umsækjandi (eða meðumsækjandi) sé háskóli, opinber rannsóknarstofnun eða opinbert fyrirtæki.

Umsóknarfrestur er einu sinni á ári.
Árið 2022 var hann 28. febrúar.

DAFNA

HVER:
Samstarf milli Tækniþróunarsjóðs og Icelandic Startups.

HVAÐ:
Eftirfylgniskerfi sem leiðbeinir og aðstoðar styrkþega að skipuleggja næstu skref og fylla í eyður og þarfir sem þeir mögulega hafa.

HVENÆR:
Tvisvar á ári í kjölfar úthlutunar.

FLOKKAR:
Sproti og Vöxtur

ÞÁTTTAKENDUR:
Tveir aðilar frá hverju verkefni taka þátt í DAFNA.

SKIPULAG:
Vinnustofur og stuðningur fjölbreyttra ráðgjafa í húsnæði Grósku á vikutímabili.

Aim
Higher

Eurostars-3 Innovative SMEs

Hvað: Sameiginleg áætlun ESB og EUREKA til fjármögnunar sprotafyrirtækja sem stunda sjálf rannsóknir og þróun

Fyrir hvern: Lítil og meðalstór fyrirtæki, stór fyrirtæki, háskólar, rannsóknastofnanir og opinber fyrirtæki

7 Skilyrði* fyrir styrkhæfi

1. Verkefnið þarf að vera leitt af litlu eða meðalstóru nýsköpunarfyrirtæki (e. innovative SME) frá einu af 37 Eurostars þátttökulöndum
   - lítið eða meðalstórt fyrirtæki skv. skilgreiningu ESB
   - hafa metnað til alþjóðlegs R&Þ samstarfs sem mun leiða af sér afurð sem stefnir á markað
2. Teymið samsett af a.m.k. 2 ótengdum aðilum
3. Þátttakendur í verkefninu frá a.m.k. tveimur aðildalöndum Eurostars og þar af a.m.k. einn frá landi innan Evrópusambandins eða frá þátttökulandi í Horizon Europe (skilyrði uppfyllt með íslenskum þátttakanda)

*fækkað úr 13 í fyrri áætlun

Skilyrði fyrir styrkhæfi

4. A.m.k. 50% af kostnaði heildarverkefnisins sé hjá LMF í Eurostars löndum (að frádreginni aðkeyptri þjónustu)

5. Enginn þátttakandi og ekkert eitt þátttökuland verði með meira enn 70% af heildarkostnaði verkefnisins

6. Hámarkslengd verkefnis 36 mánuðir

7. Verkefnið hefur borgaralegan tilgang*

- ***opið fyrir umsóknir til 15. september 2022***
- ***umsóknafrestur alla jafna tvisvar á ári***

*verkefni með tvíþættum tilgangi, t.d. þar sem afurðin nýtist bæði borgaralega og hernaðarlega eru ekki útilokuð

Fjármála- og efnahagsráðuneytið

Háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunarráðuneytið

Skattfrádráttur R&Þ-verkefna

22.8.2022

rannís



Markmið

Að efla rannsóknir og þróunarstarf og bæta samkeppnisskilyrði nýsköpunarfyrirtækja með því að veita þeim rétt til skattfrádráttar vegna kostnaðar við nýsköpunarverkefni.

Fyrir hverja?

Fyrirtæki sem eru eigendur* rannsókna- eða þróunarverkefna.

- Háskólar og stofnanir teljast ekki fyrirtæki í skilningi þessara laga.
- Fyrirtæki sem eiga í fjárhagsvanda falla utan gildissviðs laga þessara.

* *Eigendur hugverkaréttinda sem af verkefninu leiða. Dótturfélög sem eru skattskyld hér á landi njóta sama réttar þó hugverkaréttindi séu skráð hjá móðurfyrirtækinu (staðfest af FJR nóv. 2020)*

Kynningarmyndband

-> https://www.rannis.is/sjodir/atvinnulif/skattfradrattur/kynningarmyndbond/

rannís

Endurgreiðsluhlutfall og hámark kostnaðar 2022

- Alþingi samþykkti í maí 2020 bráðbirgða ákvæði vegna Covid-19 um að **35%** endurgreiðsluhlutfall af styrkhæfum kostnaði að hámarki 1.100 m.kr. í tilviki lítilla og meðalstórra fyrirtækja, en **25%** í tilviki stórra fyrirtækja á gjaldárunum 2021 og 2022 (vegna rekstraráranna 2020 og 2021) .

- Alþingi framlengdi framangreind ákvæði þ. 15. júní 2022 með þeirri breytingu að hámark kostnaðar til útreiknings á frádrætti frá álögðum tekjuskatti árið 2023 skal vera samtals **1.000 m.kr**., þar af skal heimilt að telja til þeirrar fjárhæðar allt að 200 m.kr. vegna aðkeyptrar rannsóknar- eða þróunarvinnu skv. 6. gr. laganna.



Skilgreining á hugtakinu fyrirtæki (árétting)

Þakið 1000 m.kr. gildir fyrir samstæðuna í heild, ef fleiri fyrirtæki innan sömu sam-stæðu sækja um skattfrádrátt r&þ verkefna.

- Fjármálaráðuneytið hefur óskað eftir því við Rannís að árétta við umsækjendur í tengslum við lög nr. 152/2009 að: *Tveir eða fleiri lögaðilar geta talist ein rekstrareining með tilliti til beitingar reglna um ríkisaðstoð og þegar þannig stendur á telst sú rekstrareining fyrirtækið sem horfa ber til. Mat á því hvort lögaðilar séu tengdir með þessum hætti er háð atriðum á borð við ráðandi eignarhlut og önnur rekstrarleg, fjárhagsleg og skipulagsleg tengsl eins og tilgreint er í viðauka við GBER sem vísað er til í lögunum.*
- *Ekki er nóg að horfa til rekstrarforms aðila eins og ella mætti ráða af 3. tölul. 3. gr. laganna en í því ákvæði er vísað í lög um tekjuskatt, þ.e. 1. og 3. tölul. 1. mgr. 2. gr. þeirra laga. Ríkisaðstoðarkerfið sækir stoð sína til Evróputréttar líkt og kveðið er á um í lögskýringargögnum laganna og vísað er til í 1. mgr. 15. gr. Hugtakið fyrirtæki verður í samræmi við það að túlka sem rekstrareiningu / efnahagslega einingu (e. economic unit) þegar lagt er mat á hámarksfjárhæðir.*
- *Sjá í þessu sambandi einnig leiðbeiningar frá framkvæmdastjórn ESB um veitingu aðstoðar á grundvelli GBER:*
- *„In accordance with the case law, an undertaking is defined as a single economic entity having a common source of control. Therefore, as long as the group acts as a single economic unit, it shall be considered as one undertaking and the economic situation of all the legal persons part of the group shall be considered when granting aid under the GBER.“*

rannís

Hugtakið lítið og meðalstórt fyrirtæki (SME)



SME STATUS ASSESSMENT - FINAL REPORT

Date: 15-08-2022

The 'SME' status assessment of Lítið fyrirtæki ehf is now completed.

Result

Based on the information and financial figures related to the financial year 2021 taken into consideration under the terms of the SME Recommendation,

Lítið fyrirtæki ehf qualifies as an **SME**

Please find hereafter the 2021 results for **Lítið fyrirtæki ehf** concerning the SME criteria relevant under the SME Recommendation.

SME Thresholds

Staff Headcount: 90.00

Consolidated Annual Turnover: 3,100,000.00 EUR

Consolidated Annual Balance Sheet: 1,500,000.00 EUR

Lítið fyrirtæki ehf declared that it is engaged in an economic activity.

Relevant figures (in terms of staff headcount, annual turnover and/or annual balance sheet) for the following partner/linked entities (under Article 3 of the SME Recommendation) have been taken into consideration and consolidated:

Name		%	Relationship	TO	BS	Staff	PUB	NP	INV	Closing date	Cons acc y/n
Lítið fyrirtæki ehf	actual %	100.00		600,000.00 EUR	1,000,000.00 EUR	15.00				31-12-2021	
				600,000.00 EUR	1,000,000.00 EUR						
Minor Shareholders			Minor Shareholder of Lítið fyrirtæki ehf								
Móðurfélag hf.	actual %	50.00	Owned by Lítið fyrirtæki ehf	5,000,000.00 EUR	1,000,000.00 EUR	150.00				31-12-2021	Y
	effective %	50.00		2,500,000.00 EUR	500,000.00 EUR	75.00					

Lítið fyrirtæki ehf confirmed that, apart from the entities listed here above, there are no other entities which can be considered as partner or linked to Lítið fyrirtæki ehf under the terms of Articles 3.2 and 3.3 of the SME Recommendation (including entities having other relevant relationships, such as the right to exercise a 'dominant influence') .

- Samkvæmt lögum nr. 152/2009, getur stærð fyrirtækja haft áhrif á ýmsar forsendur varðandi skattfrádrátt rannsókna- og þróunarkostnaðar. Það skiptir því miklu máli að fyrirtækin séu rétt skráð í þessa flokkun samkvæmt þeim skilgreiningum ESB/ESA, sem umrædd lög byggja á. Í þessu sambandi hefur áhrif hvort fyrirtækið er hluti af stærri samstæðu eða ekki. Röng skráning getur valdið óþarfa óþægindum og bakreikningum ef breyta þarf henni eftir að álagning liggur fyrir.

- Til þess að taka af allan vafa og misskilning um stærðarflokkun fyrirtækisins, leggur Rannís til að umsækjendur fari í gegnum **sjálfsmat/útreikninga** til að sannreyna rétta stærðaflokkun fyrirtækisins. Hægt er að nálgast rétta skilgreiningu og verklag til staðfestingar á stærð fyrirtækisins, á neðangreindum veftenglum, ef vafi leikur á að fyrirtækið flokkist sem lítið, meðalstórt eða stórt.

- Sjá: https://ec.europa.eu/growth/tools-databases/SME-Wizard/smeq.do;SME_SESSION_ID=-Htf6IFHqwMX519fzXKtjEx3JRfLJ3dMCQISrxAqTDaI-1hgk2ON!245382482?execution=e1s1

- Einnig er vert að kynna sér vel skilgreiningu ESB/ESA á SME á vef ESB.

- https://ec.europa.eu/docsroom/documents/42921/attachments/1/translations/

- Ef sjálfsmat ykkar leiðir til að þið teljið að fyrirtækið falli enn í flokk lítilla eða meðalstórra fyrirtækja óskar Rannís eftir að þið sendið niðurstöðu ykkar sjálfsmats/útreikninga sem viðhengi við kafla 2.2 í umsókn því til staðfestingar, ásamt staðfestingu endurskoðanda fyrirtækisins.

- Ef þið komist að þeirri niðurstöðu að breyta þurfi flokkun fyrirtækisins í „stórt“ þá er nóg að þið breytið umsókninni í umsóknarkerfi Rannís, án frekari skýringa.

Hugtökin rannsóknir og þróun hafa eftirfarandi merkingu*:

Rannsóknir: Skipulegar rannsóknir eða veigamiklar athuganir sem hafa að markmiði að stuðla að nýrri þekkingu og færni við að þróa nýjar vörur, ferla eða þjónustu eða leiða til verulegra umbóta á þeim vörum, ferlum eða þjónustu sem þegar er til staðar. Þær felast í gerð íhluta í flókin kerfi, og geta falið í sér smíði frumgerða í rannsóknarstofuumhverfi eða umhverfi með viðmótshermun á fyrirliggjandi kerfum og einnig tilraunaverkefnum, þegar nauðsyn krefur vegna rannsókna og þá einkum vegna almennrar staðfestingar á tækni.

Þróun: Öflun, sameining, mótun og notkun á fyrirliggjandi vísindalegri, tæknilegri, viðskiptalegri og annarri hagnýtri þekkingu og kunnáttu í því skyni að þróa nýjar eða endurbættar vörur, verkferla eða þjónustu. Þetta getur m.a. einnig tekið til starfsemi sem miðar að skilgreiningu á hugmynd, áætlanagerð og skrásetningu nýrra vara, verkferla eða þjónustu. Þróun getur falist í hönnun frumgerðar, gerð sýnisútgáfu, framkvæmd tilraunaverkefnis, prófunum og að sannreyna nýjar eða endurbættar vörur, verkferla eða þjónustu í umhverfi sem er einkennandi fyrir raunveruleg vinnsluskilyrði þar sem aðalmarkmiðið er að gera frekari tæknilegar endurbætur á ófullmótuðum vörum, verkferlum eða þjónustu. Hér getur líka verið um að ræða þróun á markaðshæfri frumgerð eða tilraunaverkefni, þegar slík frumsmíð er óhjákvæmilega endanleg markaðsvara þar sem framleiðsla á henni er of kostnaðarsöm til þess að nota eingöngu til kynningar og til að sannreyna eiginleika hennar.

* Reglugerð nr. 758/2011, um stuðning við nýsköpunarfyrirtæki)

rannís

Starfsemi sem er í eðli sínu hluti af almennum rekstri fyrirtækja telst ekki til þróunar. Hér undir fellur m.a. eftirtalið:

a. Venjulegar eða reglubundnar breytingar á vörum, þjónustu, framleiðslulínum, framleiðsluferlum, núverandi þjónustu eða annarri áframhaldandi starfsemi, jafnvel þótt slíkar breytingar geti leitt af sér úrbætur.

b. Umbætur og breytingar á vörum fyrirtækis, þjónustu eða framleiðsluferlum, þegar ekki er um að ræða þróun nýrrar þekkingar, nýrrar færni eða nýtingu núverandi þekkingar á nýjan hátt.

c. Þjálfun og endurmenntun.

d. Markaðsathuganir og markaðskannanir.

e. Uppsetning eða aðlögun á aðkeyptum búnaði og tækjum.

f. Uppsetning framleiðsluferlis.

g. Öflun, bygging eða endurbætur á fasteignum, ökutækjum, skipum eða loftförum.

h. Kortlagning á eða leit að námum, náttúruauðlindum eða sambærilegu, nema þegar um er að ræða þróun nýrra eða betri aðferða eða tækni.

i. Fjármögnun samstarfsverkefna án virkrar þátttöku allra samstarfsaðila í verkefninu.

j. Eftirlit, gæðamat og vottun á núverandi framleiðslu og framboði á vöru og þjónustu.

k. Öflun og verndun einkaleyfa.

Ath.! Skv. EES-samningnum er ekki heimilt að styðja (niðurgreiða) samningsbundin r&þ verkefni sem greidd eru af tilteknum kaupanda, (sem þannig telst eigandi verkefnisins).

rannís



Skatturinn
Ríkiskattstjóri

Greinargerð um skattfrádrátt
skv. lögum um stuðning við nýsköpunarfyrirtæki

Fylgiskjal með skattframtali rekstraraðila 2021 RSK 1.04

Nafn framteljanda	Kennitala
Heimilisfang	Eiginfjárhlutfall

Heiti verkefnis skv. umsókn til Rannís	Nr. verkefnis hjá Rannís
Tegund verkefnis	☐ Þróunarverkefni ☐ Rannsóknarverkefni
Stærð fyrirtækis	☐ Lítið ☐ Meðalstórt ☐ Stórt Skilgreiningar á stærð fyrirtækja er að finna á bakhlið.
Opinber birting á rannsóknarverkefni	☐ Niðurstöðum verður dreift með birtingu í vísinda- eða tæknitímum, á ráðstefnum, gegnum opin gagnasöfn eða í gegnum dæsjóði eða opinn hugbúnaði.
☐ Samstarfsverkefni	Signarhlutur framteljanda í verkefninu: % Framteljandi skal á þessu eyðublaði tilgreina **heildarkostnað** við verkefnið. **Athugið!** Jafnframt skal skila **RSK 4.22**.

Gjaldfærðar styrkhæfar kostnaðir skv. framtali (sbr. og greinargerð til Rannís)

Starfsmannakostnaður (eigin starfsmenn (vísinda- og tæknimenn))	kr.
Verktakakostnaður (annar en aðkeypt rannsóknar- og þróunarvinna skv. staðfestingu Rannís)	kr.
Gjaldfærðar afskriftir af vélum og tækjum	kr.
Gjaldfærðar afskriftir af byggingum og landi	kr.
Kostnaður við rannsóknir, aðkeypt einkaleyfi o.þ.h.	kr.
Efnis- og birgðakostnaður	kr.
Annar beinn kostnaður vegna rannsóknarverkefnis	kr.
Annað, hvað?	kr.
Annað, hvað?	kr.
Samtals ▶	kr.

Aðkeypt rannsóknar- og þróunarvinna, sem staðfest hefur verið af Rannís

Nafn og kennitala seljanda	
Hvað vinna var keypt?	kr.
Nafn og kennitala seljanda	
Hvað vinna var keypt?	kr.
Samtals ▶	kr.

Fengnir opinberir styrkir

Nafn og kennitala greiðanda	kr.
Nafn og kennitala greiðanda	kr.
Nafn og kennitala greiðanda	kr.
Samtals ▶	kr.

RSK 4.21 19.0.2021 Framhald á bakhlið

Greiðsla skattfrádráttar
Skattfrádráttur kemur til lækkunar á álögðum tekjusköttum við álagningu opinberra gjalda lögaðila. Sé álagður tekjuskattur lægri en ákvarðaður skattfrádráttur er mismunurinn greiddur út.

Tvískipt ferli

- Fyrirtæki sækja um staðfestingu á rannsókna- eða þróunarverkefni til Rannís.
- Fyrirtæki sem fá staðfestingu á rannsókna- eða þróunarverkefni eiga rétt á frádrætti á tekjuskatti. Fyrirtæki gera grein fyrir kostnaði á skattskýrslu til RSK (RSK 4.21) og þarf endurskoðandi að staðfesta uppgjörið.
- Sé álagður tekjuskattur lægri en ákvarðaður frádráttur, eða lögaðila er ekki ákvarðaður tekjuskattur, er frádrátturinn greiddur út.

Sækja þarf um fyrir hvert verkefni fyrir sig!

rannís

Staðfesting verkefna

Rannís ákvarðar hvort verkefni hlýtur staðfestingu samkvæmt lögum þessum:

Skilyrði þess að verkefni hljóti staðfestingu er að það teljist rannsóknar- eða þróunarverkefni samkvæmt lögum þessum:

1. Verkefnið er r&þ verkefni.
2. Hugmynd að virðisaukandi vöru/þjónustu og viðskiptaáætlun sé vel skilgreind.
3. Sýnt sé fram á með gögnum að varið verði a.m.k. 1 millj. kr. til rannsókna og þróunar á 12 mánaða tímabili.
4. Starfsmenn hafi þjálfun, menntun eða reynslu á því sviði sem hugmynd að virðisaukandi vöru eða þjónustu byggist á.

Umsóknafrestir

- ✓ Nýjar umsóknir – til 1. október.
- ✓ Framhaldsverkefni – til 1. apríl.
  - ✓ Ath! sækja má um framhaldsverkefni í formi nýs verkefnis til og með 1. október.

Opið fyrir umsóknir: **Innskráning** **Leiðbeiningar**

- Vegna nýrra verkefna: 3. október 2022 kl. 15:00. Sjá auglýsingu.
- Vegna framhaldsumsókna: 1. apríl ár hvert.

EN

https://www.rannis.is/sjodir/atvinnulif/skattfradrattur/

rannís

Könnun til að meta árangur og skattspor

Samhliða umsóknarferlinu er þurfa umsækjendur, sem ekki hafa gert það áður, að fylla út sérstakt excel-skjal sem miðar að því að meta árangurinn af þessari stuðningsaðgerð stjórnvalda á tímabilinu 2010-2020. Ætlunin er að safna gögnum um árangur og skattspor þeirra rannsókna-og þróunarverkefna sem notið hafa skattfrádráttar á þessu tímabili. Uppfæra þarf skjalið (fyrir hvert fyrirtæki) með hverjum nýjum umsóknarfresti. Fyrirtæki sem eru að sækja um í fyrsta sinn þurfa þó ekki að skila inn þessum gögnum.

Við vonum að þau fyrirtæki sem hafa notið skattfrádráttar vegna rannsókna- og þróunarverkefna á undanförnum árum, sjái sinn hag í því að taka þátt í þessari könnun með okkur, þannig að draga megi upp sem skýrasta mynd af þeim ávinningi sem þessi stuðningur hefur skilað, bæði fyrirtækjunum og ríkissjóði.

Við hjá Rannís kappakostum að vinna sem best úr þessum gögnum, en á síðasta ári voru gerð 3 kynningarmyndbönd með árangurssögum fyrirtækja úr þeim gögnum sem skilað var inn.

Sjá kynningarmyndbönd hér: -> https://www.rannis.is/sjodir/atvinnulif/skattfradrattur/kynningarmyndbond/

rannís

Könnun til að meta árangur og skattspor

Mat á árangri af lögum nr. 152/2009 á tímabilinu 2010-2020 – gagnasöfnun *	Fyrirtæki:	...Dæmifyrirtæki ehf.					ISATnúmer:	nnnnnnn	Kennitala:	xxxxxx-yyyy	Póstnúmer:	ppp	
Birting heimil (merkið x í viðeigandi reit):	Já:	x	Nei:										
Lýsing/ár * færið inn rauntölur, metið eða notið formúlur eftir því sem við á	2010	2011	2012	2013	2014	2015	2016	2017	2018	2019	2020	Samtals	Athugasemdir/skýringar ef með þarf:
Fjöldi r&þ-verkefna með skattfrádrátt v/r&þ-verkefna (staðfest af Rannís)				1	1	1	2	2	2	3	2	14	
Fjöldi r&þ-verkefna með styrki frá Tækniþróunarsjóði			1	1			1	1				4	aa
Fjöldi r&þ-verkefna með styrki frá Evrópusjóðum								1	1			2	
Heildar rekstrartekjur fyrirtækisins (þ. kr) *	0	0	0	0	5.000	10.000	50.000	120.000	180.000	240.000	500.000	1.105.000	
- Rekstrartekjur (án styrkja) vegna afurða r&þ-verkefna sem notið hafa stuðnings (þ. kr)*	0	0	0	0	5.000	10.000	50.000	100.000	150.000	200.000	400.000	915.000	
- þar af útflutningur vegna r&þ-verkefna (þ. kr) *	0	0	0	0	0	0	0	50.000	100.000	100.000	200.000	450.000	
Annar virðisauki vegna r&þ verkefna (t.d. hjá notendum afurða) (þ. kr.) **	0	0	0	0	0	0	10.000	50.000	100.000	150.000	250.000	560.000	
- þar af virðisauki hjá notendum innan lands v/r&þ-verkefna (þ. kr.) **	0	0	0	0	0	0	10.000	50.000	70.000	120.000	200.000	450.000	
Fjöldi starfa sem hafa skapast (uppsafnað) innan lands v/r&þ-verkefna og afurða þeirra (ársverk)*			2	5	5	5	7	10	12	15	20	81	
- þar af ársverk karlar *			2	4	4	4	5	6	7	8	10	50	
- þar af ársverk konur *				1	1	1	2	4	5	7	9	30	
- þar af ársverk hlutlaust kyn *											1	1	
Launakostnaður starfa sem skapast hafa innan lands v/r&þ-verkefna og afurða þeirra (þ. kr.) *	0	0	10.000	15.000	35.000	40.000	63.000	100.000	120.000	150.000	200.000	733.000	
Aðkeypt vinna við rannsóknir og þróunarstarf frá innlendum aðilum v/r&þ-verkefna (þ. kr.) *				0	5.000	5.000	5.000	5.000	5.000	5.000	5.000	35.000	
Verktakakostnaður og innlend aðföng (annar en vinna við r&þ) v/framangreindra r&þ verkefna (þ. kr.) *				0	5.000	5.000	5.000	5.000	5.000	5.000	5.000	35.000	
Móttekinn skattfrádráttur/endurgreiðsla v/ R&Þ-verkefna (þ.kr.) *	0	0	0	0	6.000	8.000	10.000	20.000	20.000	30.000	40.000	134.000	
Mótteknir styrkir Tækniþróunarsjóðs (þ.kr) *	0	0	10.000	10.000	0	0	10.000	10.000	0	0	0	40.000	
Mótteknir styrkir frá Evrópusjóðum (þ.kr) ***	0	0	0	0	0	0	0	30.000	50.000	0	0	80.000	
Samtals greiðsla staðgreiðsluskatta og tryggingagjalds til ríkissjóðs v/r&þ-verkefna (þ.kr.) *	0	0	3.500	5.250	12.250	14.000	22.050	35.000	42.000	52.500	70.000	256.550	
Aðrar skattgreiðslur og gjöld til ríkissjóðs v/r&þ-verkefna (þ.kr.) *	0	0	0	0	5.250	7.000	21.000	38.500	56.000	73.500	143.500	344.750	
Samtals greiðslur úr ríkissjóði (þ.kr.)	0	0	-10.000	-10.000	-6.000	-8.000	-20.000	-30.000	-20.000	-30.000	-40.000	-174.000	
Samtals greiðslur til ríkissjóðs (þ.kr.)	0	0	3.500	5.250	17.500	21.000	43.050	73.500	98.000	126.000	213.500	601.300	
Nettó greiðsluflæði til ríkissjóðs (þ.kr.)	0	0	-6.500	-4.750	11.500	13.000	23.050	43.500	78.000	96.000	173.500	427.300	
Uppsöfnuð greiðslustaða ríkissjóðs vegna framangreindra r&þ-verkefna (þ.kr.)	0	0	-6.500	-11.250	250	13.250	36.300	79.800	157.800	253.800	427.300	427.300	
* færið inn rauntölur, metið eða notið formúlur eftir því sem við á	Hæsta neikvæða greiðslustaða ríkissjóð	11.250					Endurgreiðsluhlutfall til ríkissjóðs sem hlutfall af hæstu neikvæðari greiðslustöðu ríkissjóðs =					38,0	
** Við mat á virðisauka hjá notendum má t.d. nota viðmið TþS	*** Ekki tekið beint inn í matið						Ávöxtun ríkissjóðs vegna framangreindra r&þ verkefna á tímabilinu (innri vextir)=					106%	





Gagnasöfnun um mat á árangri (skattspori) verkefna sem hlotið hafa skattfrádrátt v/r&þ 2010-2020

rannís

Skipting verkefna eftir landshlutum - þróun

Fjöldi umsókna

Landshluti	2014	2015	2016	2017	2018	2019	2020	Alls
Austurland	1	1	2	2	4	3	5	10
Höfuðborgarsvæðið	249	260	278	355	387	419	495	1529
Norðurland eystra	6	7	8	3	3	7	10	27
Norðurland vestra	4	11	7	9	12	16	10	43
Reykjanes	9	11	11	6	8	8	7	45
Suðurland	1	2	1	1	2	2	2	7
Vestfirðir	6	11	9	6	10	6	6	42
Vesturland	8	10	6	8	18	25	15	50
Alls	**284**	**313**	**322**	**390**	**444**	**486**	**550**	**1753**
Landsbyggðin	**35**	**53**	**44**	**35**	**57**	**67**	**55**	**224**

Hlutfall landshluta

Landshluti	2014	2015	2016	2017	2018	2019	2020	Alls
Austurland	0,4%	0,3%	0,6%	0,5%	0,9%	0,6%	0,9%	0,6%
Höfuðborgarsvæðið	87,7%	83,1%	86,3%	91,0%	86,8%	86,2%	90,0%	87,2%
Norðurland eystra	2,1%	2,2%	2,5%	0,8%	0,7%	1,4%	1,8%	1,5%
Norðurland vestra	1,4%	3,5%	2,2%	2,3%	2,8%	3,3%	1,8%	2,5%
Reykjanes	3,2%	3,5%	3,4%	1,5%	1,9%	1,6%	1,3%	2,6%
Suðurland	0,4%	0,6%	0,3%	0,3%	0,5%	0,4%	0,4%	0,4%
Vestfirðir	2,1%	3,5%	2,8%	1,5%	2,3%	1,2%	1,1%	2,4%
Vesturland	2,8%	3,2%	1,9%	2,1%	4,2%	5,1%	2,7%	2,9%
Alls	**100,0%**	**100,0%**	**100,0%**	**100,0%**	**100,0%**	**100,0%**	**100,0%**	**100,0%**
Landsbyggðin	12,3%	16,9%	13,7%	9,0%	12,8%	13,8%	10,0%	12,8%

rannís

Skipting verkefna eftir landshlutum 2020

Fjöldi umsókna og staðfestingarhlutfall eftir landshlutum 2020

Landshluti	Fjöldi umsókna	Staðfest verkefni	Samþykktar-hlutall %	Áætlaður skattfrádráttur (m. kr.)
Austurland	5	5	100%	47
Höfuðborgarsvæðið	495	457	92%	9.526
Noðurland Vestra	10	6	60%	61
Norðurland Eystra	10	8	80%	67
Reykjanes	7	7	100%	57
Suðurland	2	2	100%	42
Vestfirðir	6	6	100%	150
Vesturland	17	15	88%	256
Samtals	**552**	**506**	**92%**	**10.206**

rannís

Skipting verkefna eftir stærð fyrirtækja 2020

Fjöldi umsókna og staðfestingarhlutfall eftir stærð fyrirtækja 2020

Stærð fyrirtækis	Fjöldi umsókna	Staðfest verkefni	Samþykktar-hlutall %	Áætlaður skattfrádráttur (m. kr.)
Lítið	300	277	92%	5.665
Meðalstórt	153	140	92%	2.832
Stórt	99	89	90%	1.709
Samtals	**552**	**506**	**92%**	**10.206**

rannís

Skipting verkefna eftir kyni verkefnisstjóra 2020

Fjöldi umsókna og staðfestingarhlutfall eftir kyni verkefnisstjóra 2020

Kyn verkefnisstjóra	Fjöldi umsókna	Hlutfall %	Staðfest verkefni	Hlutfall %	Áætlaður skattfrádráttur (m. kr.)
kk	413	75%	380	75%	8.280
kvk	139	25%	126	25%	1.926
Samtals	**552**	**100%**	**506**	**100%**	**10.206**

OECD – samanburður og úttekt

OECD er að gera úttekt á okkar kerfi fyrir hönd fjármála- og efnahagsráðuneytis og háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunarráðuneytis

Generosity of R&D tax support in 2021

Differences in the design of R&D tax incentives drive significant variation in the expected generosity of tax relief per additional unit of R&D investment. In 2021, the marginal tax subsidy rate for profit-making (loss-making) SMEs in **Iceland** is estimated at 0.42 (0.42), well above the OECD median of 0.20 (0.18). The implied R&D tax subsidy rate for large enterprises is equal to 0.3 (0.3) in the profit (loss)-making scenario and likewise well above the OECD median of 0.17 (0.15).

Figure 1. Implied tax subsidy rates on R&D expenditures: Iceland, 2021

1-B-Index, by firm size and profit scenario



Note: Implied marginal tax subsidy rates, presented for different firm size and profitability scenarios, are calculated based on headline tax credit/allowance rates (see methodology and country-specific notes), providing an upper bound value of the generosity of R&D tax support, not reflecting the effect of thresholds and ceilings that may limit the amount of qualifying R&D expenditure or value of tax relief.

Source: OECD, R&D Tax Incentives Database, http://oe.cd/rdtax, December 2021.

Skattfrádráttur r&þ-verkefna

rannís

STARFSEMI | SJÓÐIR OG ALÞJÓÐASTARF | VIÐBURÐIR | Mínar síður | EN

Þú ert hér: Forsíða > Sjóðir og alþjóðastarf > Rannsóknir og nýsköpun > Skattfrádráttur

Hlusta

Skattfrádráttur rannsókna- og þróunarverkefna

Fyrir hverja?

Fyrirtæki sem eru eigendur rannsókna- eða þróunarverkefna. Háskólar og stofnanir teljast ekki fyrirtæki í skilningi þessara laga.

Til hvers?

Fyrirtæki sem hafa fengið staðfestingu Rannís á rannsókna- eða þróunarverkefni eiga rétt á frádrætti á tekjuskatti skv. lögum nr. 152/2009. Sé álagður tekjuskattur lægri en ákvarðaður frádráttur, eða lögaðila ekki ákvarðaður tekjuskattur vegna skattalegs taps, þá er frádrátturinn greiddur út

Umsóknarfrestur:

Opið fyrir umsóknir: Innskráning | Leiðbeiningar

- Vegna nýrra verkefna: 3. október 2022 kl. 15:00. Sjá auglýsingu.
- Vegna framhaldsumsókna: 1. apríl ár hvert.

EN

Hvert er markmiðið?

Markmiðið er að efla rannsóknir og þróunarstarf og bæta samkeppnisskilyrði nýsköpunarfyrirtækja með því að veita þeim rétt til skattfrádráttar vegna kostnaðar við nýsköpunarverkefni.

Skattfrádráttur

- Matsferlið
- Fagnefnd
- Kynningarmyndbönd

NYTSÖM SKJÖL OG TENGLAR

- Handbók skattfrádráttar
- Lög nr. 152/2009 um stuðning við nýsköpunarfyrirtæki
- Reglugerðarsafn RSK v/758/2011 v/skattfrádráttar r&þ verkefna
- Leiðbeinandi reglur Eftirlitsstofnunar EFTA um ríkisaðstoð til R&Þ&N
- Viðeigandi reglugerð Framkvæmdastjórnar ESB og EES nr. 651/2014 frá 17.júní 2014

https://www.rannis.is/sjodir/atvinnulif/skattfradrattur/

Hverjir geta sótt um?

Öll fyrirtæki sem eru eigendur rannsóknar- eða þróunarverkefna. Háskólar og stofnanir teljast ekki fyrirtæki í skilningi þessara laga (lög nr. 152/2009). Sjá einnig skilgreiningu hér fyrir neðan.

+ Skilgreining á hugtakinu fyrirtæki (árétting)

Umsókn

Sótt er um verkefni í umsóknarkerfi Rannís. Nauðsynlegt er að skila eftirfarandi umsóknargögnum með umsóknum:

- Samstarfssamningi ef um samstarfsverkefni er að ræða.
- Sækja skal um staðfestingu vegna nýrra verkefna eigi síðar en 1. október en nái verkefnið á milli ára skal sækja um framhald þess eigi síðar en 1. apríl.

Skilyrði úthlutunar

Skilyrði þess að verkefni hljóti staðfestingu (og geti þar með nýtt sér skattfrádrátt) er að það teljist rannsóknar- eða þróunarverkefni samkvæmt lögum og einnig:

1. að hugmynd að virðisaukandi vöru/þjónustu og viðskiptaáætlun sé vel skilgreind, og
2. að sýnt sé fram á með gögnum að varið verði a.m.k. 1 millj. kr. til rannsókna og þróunar á 12 mánaða tímabili, og
3. starfsmenn hafi þjálfun, menntun eða reynslu á því sviði sem hugmynd að virðisaukandi vöru eða þjónustu byggist á.

+ Endurgreiðsluhlutfall og hámark kostnaðar vegna rekstrarásins 2022/gjaldársins 2023

+ Könnun til að meta árangur

Kynningarmyndband

NÁNARI UPPLÝSINGAR

Davíð Lúðvíksson
Sérfræðingur
515 5813
Senda póst

Lýður Skúli Erlendsson
Sérfræðingur
515 5810
Senda póst

Hannes Ottósson
Sérfræðingur
515 5859
Senda póst

Sigríður Heimisdóttir
Sérfræðingur
515 5860
Senda póst

Svandís Unnur Sigurðardóttir
Sérfræðingur
515 5812
Senda póst

rannís

Munum líka eftir skattfrádrætti vegna hlutabréfakaupa

Skatturinn

https://www.skatturinn.is/

Hvað viltu finna?

Skattfrádráttur vegna hlutabréfakaupa

https://www.skatturinn.is/einstaklingar/tekjur-og-fradrattur/hlutabrefafradrattur/

Skatturinn

Einstaklingar | Atvinnurekstur | Innheimta | Fyrirtækjaskrá | Fagaðilar | Um Skattinn | EN | Þjónustuvefir

Forsíða > Einstaklingar > Skattamál > Tekjur og frádráttur > Hlutabréfafrádráttur

- Skattar og gjöld
- Eignir og skuldir
- Tekjur og frádráttur
  - Launatekjur og hlunnindi
  - Skattfrjálsar tekjur
  - Fjármagnstekjur
  - Styrkir
  - Aðrar tekjur
  - Dagpeningar
  - Ökutækjastyrkur
  - Iðgjald í lífeyrissjóði
  - Lækkun (ívilnun)
  - Vistun í heimahúsi
  - Skattmat
  - Bifreiðahlunnindi, bæklingar
  - Frádráttur vegna gjafa
  - Hlutabréfafrádráttur
  - Erlendir sérfræðingar
- Fjármagnstekjur
- Vaxtabætur og barnabætur
- Reiknivélar
- Skattskylda og aðrar reglur
- Staðgreiðsla
- Kærur og málsmeðferð
- Skattrannsóknir
- Framtal og álagning
- Eyðublöð
- Rafræn skilríki
- Helstu tölur
- Innheimta

Hlusta

Skattfrádráttur vegna hlutabréfakaupa

Heimilt er við tilteknar aðstæður og að uppfylltum ýmsum skilyrðum að draga frá tekjuskatts- og/eða fjármagnstekjuskattsstofni einstaklinga hluta af fjárhæð sem varið er til kaupa á hlutabréfum (í hlutafjáraukningu) í hlutafélögum sem fengið hafa staðfestingu ríkisskattstjóra þar um. Þau skilyrði sem um ræðir snúa bæði að viðkomandi félagi sem fjárfest er í og þeim einstaklingi sem óskar eftir hlutabréfafrádrætti.

+ Skilyrði sem hlutafélag þarf að uppfylla
+ Starfsemi félags sem fellur ekki undir hlutabréfafrádrátt
+ Einstaklingur sem óskar eftir hlutabréfafrádrætti
− Félög sem hlotið hafa staðfestingu

Ríkisskattstjóri hefur veitt eftirfarandi félögum staðfestingu á því að kaup á hlutabréfum í hlutafjáraukningu þeirra geti veitt einstaklingum rétt á skattfrádrætti.

Skattfrádráttur heimilast einungis vegna þeirrar hlutafjáraukningar sem fer fram í kjölfar staðfestingar ríkisskattstjóra en ekki frekari hlutafjáraukningar.

Félag	Kennitala	Samþykkt	Athugasemdir
KoPrA ehf.	591216-1200	27.12.2016 25.04.2017	
Solid Clouds ehf.	600913-2550	20.12.2016 16.3.2017 18.3.2019 26.8.2020 31.5.2021	
1939 Games ehf.	710815-2830	30.12.2016	
Spectaflow ehf.	650615-0260	12.6.2017 11.8.2018 22.9.2020	Hét áður Inspirally ehf. og þar áður Vizido ehf.
Media ehf.	580913-1130	20.12.2017	
minester ehf.	611217-0990	1.6.2018	
Klappir Grænar lausnir ehf.	630914-1080	18.3.2019	

rannís

Takk fyrir

rannís